



KJALARNES – BORGARHLUTI 9

Kjalarnesið hefur mikla sérstöðu innan Reykjavíkur sem eina landbúnaðar- og dreifbýlissvæðið innan sveitarfélagsins. Kjalarnes afmarkast af Leirvogsa í suðri, Kiðafellsá og Hvalfirði í norðri og hábungu Esju og Skálafells í austri og er u.þ.b. 161 km² að stærð. Leiruvogur, Kollafjörður, Hofsvík og Hvalfjörður ganga inn úr Faxaflóa og Álfnes, Brimnes og Kjalarnes ganga út í flóann. Landslag Kjalarness einkennist af vogskornum ströndum og undirlendi sem eru nésin ásamt landinu undir hlíðum Esju sem rís upp í 914 m hæð til austurs og norðurs og er eitt helsta kennileiti svæðisins og Reykjavíkur.

Vegna sérstöðu Kjalarnessins er stefna um landnotkun fyrir borgarhlutann sett fram með öðrum hætti en gert er fyrir hina borgarhlutana. Í kaflanum eru sett fram megin markmið um þróun svæðisins og stefnuákvæði á einstökum landnotkunarsvæðum (sjá einnig skilgreiningar um landnotkun í kaflaum. *Landnotkunarákvæði*.

Íbúðarsvæði-þéttbýli: Grundarhverfi og nágrenni

Gert er ráð fyrir að Grundarhverfi stækki á skipulagstímabilinu og verði fjölgun íbúða á svæðinu um 5 -10 íbúðir á ári. Vænlegast er að hverfið þróist til vesturs með ströndinni en einnig er gert ráð fyrir þróun þess til norðurs. Í hverfisSKIPULAGI fyrir Grundarhverfi er mikilvægt að horfa til stærri heildar, þ.e. til nærliggjandi svæða (sjá svæði L1), m.a. varðandi atvinnuuppbyggingu, þróun ferðapjónustu, afþreyingar og útivistar.

Markmiðið er að íbúafjöldi í Grundarhverfi og nágrenni aukist þannig að mögulegt verði að standa undir öflugri verslun og þjónustu á svæðinu sbr. sjónarmið á íbúáþingi 2001 og hverfafundum 2009 og 2012.

Ekki er gert ráð fyrir þróun þéttbýlis á öðrum svæðum á Kjalarnesi.

Landbúnaðarsvæði-dreifbýli (í vinnslu)

Mikilvægt er að virða og vernda Kjalarnesið sem landbúnaðarsvæði og dreifbýli og stuðla að fjölbreyttari búsetukostum og öflugri atvinnulífi á svæðinu, en jafnframt tryggja aðgengi almennings að svæðum með útivistargildi og taka frá þau svæði sem hafa sérstakt verndargildi.

Hefðbundinn landbúnaður hefur verið á undanhaldi á Kjalarnesi á undanförnum árum. Matvælaframleiðsla á svæðinu er í auknum mæli bundin við þaueldi, sem nýtir með takmörkuðum hætti gæði viðkomandi landbúnaðarlands. StarfsleyfisSKYLD svína- og kjúklingabú eru á eftirfarandi jörðum, Móum, Vallá, Melavöllum, Brautarholti og Sætúni, auk sláturhúss í Saltvík. Breyttar áherslur í landbúnaði, með auknu vægi lífrænnar ræktunar og beinni tengsla framleiðenda og neytenda (sbr. Beint frá býli), getur skapað ný tækifæri í matvælaframleiðslu á Kjalarnes. Þar nýtir Kjalarnesið nálægðar við stærsta þéttbýlissvæði landsins, þar sem

eftirspurn eftir lífrænt vottuðum afurðum beint frá býli eykst sífellt. Markmið aðalskipulagsins er að efla fjölbreytta ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum Kjalarness, sbr. markmið jarðalaga og að landnýting verði í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun og markmið Landsskipulagstefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar.

Íaðalskipulaginu er allt láglendi Kjalarness, í megin atriðum, skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Með því er undirstrikað að jarðgæði landbúnaðarlands, verði eftir fremsta megni, vernduð og við nýtingu landsins verði höfuðáherslan á ræktun og búskap. Það er hinsvegar ljóst að vegna núverandi stöðu landnýtingar og uppskiptingu jarða (sjá mynd 1) , með aukinni fjölbreytni í búskaparháttum til sveita, uppbyggingu ferðapjónustu og fjölbreyttrar atvinnustarfsemi á bújörðum (sbr. skilgreining lögbýla skv. jarðalögum), að einnig þarf að tryggja ákveðinn sveigjanleika við stýringu á landnotkun á bújörðum. Markmiðið

MARKMIÐ

Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar í aðalskipulaginu og skal horfa til þeirra við gerð hverfis- og deiliskipulags, veitingu framkvæmdaleyfa og afgreiðslu einstakra mála:

- Virða sérstöðu Kjalarness innan Reykjavíkur sem landbúnaðar- og dreifbýlissvæði og skapa þannig fjölbreyttari búsetukosti innan borgarinnar

- Styrkja Grundarhverfi og nágrenni sem þungamiðju borgarhlutans

- Með fjölgun íbúa

- Með fjölgun atvinnutækifæra

- Með eflingu þjónustu og fjölbreyttari afþreyingarmöguleikum

- Með skýrri framtíðarsýn sem sett er fram í hverfisSKIPULAGI fyrir Grundarhverfi og næsta nágrenni

- Þróun og uppbygging á landbúnaðarsvæðum verði í samræmi við með markmið jarðalaga og markmiða um sjálfbæra þróun. Stuðlað verði að aukinni fjölbreytni í ræktun, matvælaframleiðslu, atvinnustarfsemi, tómstundabúskap og búsetu.

- Svæði á Álfnesi og Esjumelum verði þróuð sem sérhæfð atvinnusvæði og atvinnutækifærum þar með fjölgað innan borgarhlutans

- Fjölbreytni í útivistar- og afþreyingarmöguleikum verð aukin

- Tryggðar verði öruggeri, greiðari og vístvánni samgöngur innan borgarhlutans með endurbótum á Vesturlandsvegi og síðar með gerð Sundabrautar

- Vernda ósnortna strandlengju og tryggja aðgengi að fjörunni

- Bæta útivistarsvæðin með markvissum áætlunum um skógrækt og stígagerð

- Byggja upp göngu- , hjóla- og reiðstígakerfi sem verði hluti af heildstæðum stígakerfum borgarinnar

- Stefnumörkun um landnotkun og uppbyggingu taki tillit til ofanflóðahættu samkvæmt mati Veðurstofu Íslands. Þétt byggð verði ekki heimiluð þar sem hætta stafar af ofanflóðum

Helstu breytingar sem tillagan felur í sér:

- Ný atvinnusvæði skilgreind á Álfnesi og núverandi atvinnusvæði við Esjumela stækkað
- Gasgerðarstöð á vinnslusvæði Sorpu. Tímamörk vinnslu úrgangs á Álfnesi framlengd.
- Þéttbýlisþróun verði bundin við þungamiðju borgarhlutans í Grundarhverfi og nágrenni. Þéttbýli íbúðarsvæði eða svæði fyrir blandaða byggð í Álfnesi og Varmadal eru utan skipulagstímabils
- Skýrari stefna um uppbyggingu í dreifbýli og á landbúnaðarsvæðum
- Endurskipulagning Vesturlandsvegar með mislægum gatnamótum í framtíðinni
- Afmörkun Græna trefilsins lagfærð m.t.t. bærjarstæða og landbúnaðarlands. Stefna og áætlun um skógrækt hluti nýs aðalskipulags
- Helstu efnistökustaðir sýndir á þemakorti. Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi og eftir atvikum mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.
- Gert ráð fyrir Brennimelslínu (220 kV) og endurbyggingu hennar í 400 kV

er að tryggja fjölbreytta búsetu og ræktun í dreifbýli Kjalarness og gera landeigendum kleift að nýta jarðir sínar til verðmætasköpunar, þó hefðbundinn búskapur hafi lagst af tímabundið af.

Mikilvægt er að setja skörp skil milli landbúnaðarsvæða (dreifbýlis) og þéttbýlis og tryggja þarf að þróun búsetu á landbúnaðarsvæðumleiðiekkitilþéttbýlisþróunar eða dreifbyggðrar íbúðarbyggðar án tengsla við búskap. Ákvæði aðalskipulagsins um uppbyggingu smábýla og íbúðarhúsa án tengsla við hefðbundin búskap, lúta m.a. að því að setja lágmark á stærðir landskika fyrir slíka uppbyggingu og kröfur um heildarskipulag bújarða til að tryggja yfirsýn og markvissara eftirlit með þróun mála. Mörkun stefnu um uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum er m.a. vandasöm vegna þess að hugtakið lögbýli og kröfur til stofnunar þeirra, sbr. jarðalög, hafa ekki verið nægilega vel skilgreindar, m.a. varðandi lágmarksstærðir lands. Fjölmargar fyrirspurnir og umsóknir um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og smábýla á Kjalarnesi á undanförnunum árum, undirstrika þörfina fyrir skýrar heimildir í aðalskipulagi um búsetuþróun á landbúnaðarsvæðum. Til að gæta jafnræðis gagnvart landeigendum, þarf að setja ákveðnar grunnreglur sem gilda á öllum skilgreindum landbúnaðarsvæðum á Kjalarnesi. Það er hinsvegar einnig ljóst að staðhættir eru mismunandi eftir bújörðum, m.a. varðandi uppskiptingu lands, og því þarf að meta hverja umsókn um uppbyggingu sérstaklega og setja mögulega sérákvæði á einstök svæði. Endanleg ákvörðun um uppbyggingu er þó ekki tekin í aðalskipulagi, heldur við afgreiðslu deiliskipulags sem lýsir fyrirhugaðri uppbyggingu og tryggir ákveðan heildarsýn fyrir viðkomandi jörð.


Við afmörkun landbúnaðarsvæða í aðalskipulaginu er einnig horft til þeirra svæða á Kjalarnesi, sem til framtíðar litið, hafa mikið útivistar- og/eða verndargildi og tryggja þarf aðgengi almennings að. Líkt og og í aðalskipulaginu 2001-2024 er öll strandlengja Kjalarnessins skilgreind sem opið svæði eða óbyggt svæði, jafnframt svæði meðfram helstu vatnsföllum. Efri mörk landbúnaðarsvæðanna miðast síðan í flestum tilvikum við mörk Græna trefilsins, sem hafa verið lagfærð frekar með tilliti til landbúnaðarlands og bæjarstæða. Þessi mörk landbúnaðarsvæða og útivistarsvæða eru dregin óháð eignarmörkum, en fyrir liggur að leita þarf samkomulags við landeigendur um t.a.m. ræktun skógar í Græna treflinum og stígagerð.

Eftirfarandi markmið og skipulagsákvæði eru sett fram um landbúnaðarsvæði og skógrækt í aðalskipulaginu:

Skapa skörp skil milli landbúnaðarsvæða (dreifbýlis) og þéttbýlis og milli landbúnaðarsvæða og opinna svæða með útivistar og/eða útivistargildi.
Stuðla að verndun verðmættis landbúnaðarlands* og efla fjölbreytta ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum í anda sjálfbærrar þróunar
Skapa skilyrði fyrir fjölbreytta búsetukosti á landbúnaðarsvæðunum án þess þó að það leiði til þéttbýlisþróunar. Önnur atvinnustarfsemi sem tengist búskap og hefð er fyrir að stunda á lögbýlum til sveita er einnig möguleg, s.s. hefðbundin ferðaþjónusta bænda.
Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarbyggingum sem tengjast búrekstri á viðkomandi landi en einnig má gera ráð fyrir smábýlum og stökum íbúðarhúsum í tengslum við tómtundabúskap.
Við mögulega uppskiptingu jarða í smábýli eða tómtundabýli, skal almennt miða við að viðkomandi landskiki sé ekki minni en 5 ha. Þar sem áform eru um stofnun smábýla/tómtundabýla skal leggja fram deiliskipulag sem tryggir heildarsýn um framtíðarnýtingu viðkomandi jarðar. Í deiliskipulagi er mögulegt að gera ráð fyrir smærri landskikum undir smábýla/tómtundabýli og skal það rökstutt sérstaklega.
Stök fristundahús eru ekki heimil á landbúnaðarsvæðum. Núverandi fristundahús er heimilt að endurbyggja og viðhalda. Heimilt er að byggja lítil gestahús (30 m2) við íbúðarhús á bújörðum.
Minniháttar nytjaskógrækt (undir 10 ha) er heimil á landbúnaðarsvæðum, svo og minniháttar landbótaskógrækt og útivistarskógrækt, svo og skjólbelti. Umfangsmeiri skógrækt**, sbr. gr. 6.2.r. í skipulagsreglugerð, skal skilgreina sem sem Svæði fyrir skógrækt eða landgræðslu (SL). Ekkert slíkt svæði er skilgreint í aðalskipulaginu, en umfangsmikil útivistarskógrækt er heimil á opnum svæðum (OP). Meiriháttar nýræktun skóga er háð framkvæmdaleyfi, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 772/2012.
Um eftirfarandi landbúnaðarsvæði gilda sérákvæði:
Nesvík (L1). Vegna nálægðar við Grundarhverfi og nýlegan golfvöll eru sérákvæði sett um þróun uppbyggingar á viðkomandi svæði. Á svæðinu má gera ráð fyrir fjölpættri starfsemi í tengslum við ferðaþjónustu og afþreyingu. Ennfremur er möguleiki á að þróa þyrpingu íbúðarhúsa á svæðinu, án tengsla við búskap,

sbr. ákvæði í svæðisskipulaginu 2001-2024 um landbúnaðarsvæði. Marka skal frekari stefnu um uppbyggingu svæðisins á heildrænan hátt í deiliskipulagi og í samhengi við væntanlegt hverfisskipulag fyrir Grundarhverfi og nágrenni.

*Ræktað og framræst land innan lögbýla er almennt skilgreint sem landbúnaðarsvæði, hvort sem landið er uppskipt og ekki lengur stundaður þar hefðbundinn landbúnaður.
** Skógrækt sem nær til 200 ha svæðis eða stærra, fer inn á verndarsvæði eða hefur í för sér ruðning á náttúrulegum skógi, er tilkynningaskyld framkvæmd samkvæmt lögum nr. 106/200 (sjá 2.viðauki, 1.d. og 3. viðauka, 2. lið iii). Ennfremur þarf að meta í slíkum tilvikum hvort skógræktin skuli vera matskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 (sjá 5. og 6. greinar laganna).
Gerð er grein fyrir þaueldi á landbúnaðarsvæðum í kafla um önnur atvinnusvæði.
Önnur atvinnusvæði þaueldi:
Starfsleyfis skyld svína- og kjúklingabú eru á eftirfarandi jörðum, Móum, Vallá, Melavöllum, Brautarholti og Sætúni
Íðnaður og athafnasvæði:
AT5. Esjumelar–austan og vestan Vesturlandsvegar Fyrst og fremst íðnaður og önnur starfsemi sem ekki hefur teljandi mengunarhættu í för með sér, s.s. verkstæði, gagnaver og vörugeymslur. Gert er ráð fyrir stækkun svæðisins sem er austan Vesturlandsvegar.
I2 (H6). Álfsnes-Kollafjörður Einkum gert ráð fyrir hafnsækinni íðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir að stærð svæðisins á skipulagstímabilinu verði 20 ha.
Síðan aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 var staðfest í byrjun árs 2003 hafa orðið veigamiklar breytingar á forsendum stefnumörkunar fyrir Geldinganes og Álfsnes. Með stofnun Faxaflóahafna var tekin stefnumarkandi ákvörðun um að breyta landnotkun í Geldinganesi (155 ha svæði vestan Sundabrautar), þannig að þar risi blönduð byggð en horfið frá áformum um stórskipahöfn og íðnaðarsvæði. Slík breyting leiðir til þess að finna þarf nýtt svæði sem mætir landþörf þeirrar atvinnustarfsemi sem áður var ætlaður staður í Geldinganesi. Stefnumörkun varðandi breytta landnotkun við Elliðaárvog og flutning mengandi starfsemi þaðan stendur hinsvegar óbreytt. Af þeim fyrirtækjum sem nú eru í Ártúnshöfða og við Elliðaárvog, er brýnast að finna nýjan stað fyrir Björgun til að mögulegt sé



framfylgja stefnu aðalskipulagsins um blandaða byggð við Elliðaárvog og ekki síður til að stöðva neikvæð umhverfisáhrif fyrirtækisins á núverandi byggð í Bryggjuhverfi. Einnig er aðkallandi að finna steypustöðvum, malbikunarstöð og fleiri iðnaðarfyrirtækjum framtíðarstaðsetningu, til að framfylgja áður nefndri stefnu um Elliðaárvoginn.

Að mati Faxaflóahafna er vænlegasta svæðið fyrir nýja iðnaðarhöfn, innan Reykjavíkur, vestast á Álfsnesi við sunnanverðan Kollafjörð. Umrætt svæði var samkvæmt AR2001-2024 ætlað undir blandaða byggð eftir 2024. Breyttar forsendur um þéttingu byggðar og forgangsroðun íbúðarsvæða, gera það hinsvegar að verkum að ekki er aðkallandi að skipuleggja Álfsnesið undir íbúðarbyggð eða blandaða byggð á næstum áratugum. Vestan- og norðanvert Álfsnes er að stærstum hluta hrjóstrugt land og ekki þekkt fyrir veðursæld. Sá hluti Álfsnessins er því ekki talin mjög ákjósanlegur fyrir íbúðarbyggð eða blandaða byggð.

Í aðalskipulaginu er vestasti hluti Álfsness skilgreindur hafnar- og iðnaðarsvæði. Stærð svæðisins er um 20 ha. Á svæðinu yrði gert ráð fyrir lóðum undir mengandi og landfreka athafna- og iðnaðarstarfsemi sem er hafnsækin. Gert er ráð fyrir lítilli höfn, við Kollafjörð, vestast á svæðinu með landfyllingu og varnargörðum.

Vegna þess að iðnaðarsvæðið er staðsett á viðkvæmu svæði varðandi ásýnd frá væntanlegri Sundabraut og byggð í Kjalarnesi, er lagt til að svæðið verði, eftir því sem kostur, falið inní náttúrulegu landslagi nessins. Það er þó ekki mögulegt nema með miklu inngripi í landslagið og efnistöku, en gert er ráð fyrir að efni sem til fellur vegna landslagsmótunar geti nýst til vegagerðar og annarrar mannvirkjagerðar (sjá nánar umhverfismat aðalskipulagsins). Eðlilegt er gera ráð fyrir því að svæðið þróist og stækki á löngum tíma

15. Sorpa. Álfsnesi

Núverandi sorpförgunarsvæði er á Álfsnesi og er áætlað að svæðið geti tekið við sorpi til ársins 2024 enda verði unnið í samræmi við markmið laga um meðhöndlun úrgangs og markvisst dregið úr urðun úrgangs. Til að ná þeim markmiðum er gert ráð fyrir byggingu gasgerðarstöðvar í grennd við núverandi urðunarstað. Starfsemi hennar í Álfsnesi getur haldið áfram þó hætt verði frekari urðun í Álfsnesi.

13. Saltvík.

Á svæðinu er gert ráð fyrir sláturhúsi og starfsemi er tengist þauleldi í landbúnaði.

Samfélagsþjónusta (S):

Stofnanir eru á eftirfarandi stöðum: Arnarholti, Árvöllum, Tindum, Mógilsá og Víðinesi

Verslun og þjónusta (Vþ) :

Grundarhverfi, Esjurætur (við gönguleið)

Efnistaka og efnislosun

Á Kjalarnesinu eru nú fjórir stærri efnistökustaðir og fjölmargir smærri staðir. Margir þessara efnistökustaða eru aflagðir. Í sumum tilvikum eru staðirnir frágengir, þó aðeins einn með vottun frá Umhverfisstofnun, en í fleiri tilvikum eru þeir ófrágengir og frekari efnistaka fyrirhuguð (sjá töflu 1 mynd 2). Af stærri efnisnámunum er það einvörðungu náma í landi Bakka (E2), við Blikdalsá, sem er með starfsleyfi í gildi. Starfsleyfi um efnistöku í Varmhólum (E3,spilda 6) er útrunnið en sótt hefur verið um endurnýjun þess. Einnig hefur verið sótt um leyfi fyrir efnistöku í landi Varmadals (E5) og minni námu í landi Norðurkots (E1). Fyrirliggjandi umsóknir hafa ekki verið afgreiddar, m.a. vegna þess að ekki hafa legið fyrir fullnægjandi upplýsingar um umfang efnistökunnar og/eða hún ekki samræmst þágildandi stefnu aðalskipulags. Í stefnu aðalskipulagsins 2010-2030 er gert ráð fyrir því að frekari efnistaka verði möguleg á ofangreindum stöðum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Einnig eru skilgreindir efnistökustaðir við Tíðaskarðshól (E6,núverandi náma) og á Álfsnesi, við Kollafjörð (E4), sem opnaður verður í tengslum við mögulega iðnaðarhöfn á svæðinu og framkvæmdir við Sundabraut.

Eftirfarandi markmið og skipulagsákvæði eru sett fram um efnistöku í aðalskipulaginu:

Eftirfarandi meiriháttar efnistökustaðir eru skilgreindir (sjá mynd). Skilgreining neðangreindra efnistökustaða í aðalskipulagi er ekki staðfesting á því að viðkomandi stöðum hafi verið veitt framkvæmdaleyfi. Sækja þarf um framkvæmda- og starfsleyfi sérstaklega, sbr. ákvæði hér að neðan:

Norðurkot (E1). Eldri náma sem í dag tekur til um 38 þúsund m² svæðis. Náman er í jaðri svæðis á náttúruminjaskrá, en ekki ýkja áberandi í landslagi. Frekari efnistaka skal miðast að mestu við það svæði sem nú þegar er raskað og ekki verði frekari stækkun þess til norðurs. Í umsókn um framkvæmdaleyfi verður metið



hvort efnistaka falli undir tilkynningaskyldu sbr. lög nr. 106/2000. Móttaka ómengaðra jarðefna er möguleg á svæðinu, til landmótunar og uppfyllingar.

Bakki (E2). Eldri náma sem tekið hefur verið úr í meira en 40 ár. Núverandi náma tekur til um 73 þúsund m² og eru áform um að vinna efni í áföngum á allt að 183.000 m² svæði. Efnistakan er á lítt grónum mel, næst Vesturlandsvegi, sem ekki hefur sérstakt verndargildi en er í nálægð við Blikdalsá. Efnistakan hefur í för með sér að land lækkar um 2-3 metra. Efnistöku næst ánni er að mestu lokið og er brýnt að gengið verði frá því svæði sem fyrst. Efnistakan er háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000. Náman hefur starfsleyfi sem gildir ársins 2019 og fyrir liggur lauslegt umhverfismat. Náman hefur ekki útgefið framkvæmdaleyfi og skal sækja um það, sbr. ákvæði þar, með frekari gögnum um umfang vinnslu og umhverfisáhrif.

Varmhólar (E3). Eldra efnistökusvæði sem tekur til 320 þúsund m². Svæðið skiptist í tvær námur, spildu 6 sem er nær Vesturlandsvegi og tekur til alls um 230 þúsund m² og spildu 5 sem nær nú til 90.000 m² svæðis. Efnistökusvæðið er töluvert áberandi í landslaginu og hefur veruleg áhrif á ásýnd frá Vesturlandsvegi, einkum náman í spildu 6. Sótt hefur verið um leyfi til frekari vinnslu efnis á svæðinu (í spildu 6), en eldra starfsleyfi er útrunnið. Ekki hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku á svæðinu. Efnistaka á svæðinu er háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda sbr. lög nr. 106/2000 og við umhverfismat er mikilvægt að skoða báðar námurnar í samhengi. Sækja þarf um starfsleyfi og framkvæmdaleyfi, sbr. ákvæði þar um og leggja fram mat á umhverfisáhrifum frekari efnisvinnslu. Þar sem hér eru um mjög umfangsmikið efnistökusvæði á áberandi stað í rótum Esju við Vesturlandsveg, á svæði sem verður til framtíðar hluti Græna trefilsins, er lagt til að gert verði deiliskipulag fyrir svæðið í heild þar sem gerð verður grein fyrir frágangi svæðisins, landmótun og ræktun.

Álfsnes (E4). Mögulegt framtíðar efnistökusvæði sem verður opnað í tengslum við þróun iðnaðarsvæðis og hafnar við Kollafjörð. Efnistaka á svæðinu gæti nýst vegna framkvæmda við Sundabraut. Efnistakan og landmótunin gæti í heildina tekið til um 200.000 m² svæðis og falið í sér verulega lækkun á landi. Áhrif efnistöku og formun lands á ásýnd frá Kjalarnesi og Vesturlandsvegi verða veruleg. Þó hér sé sumpart um formun lands vegna þróunar

	Heiti	Jörð	Eignar-hald	Flokkur	Staða	Umfang	Landnotkunar-svæði	Staða leyfis
E2	Blikdalsá	Bakki	einka	Malar-náma	Í notkun	A: 18 ha	Landbúnaðar-svæði	Starfs-leyfi til 2019
	Bugða hjá Stardal	Stardalur	einka	Malar-náma	Frágengin			Nei
E3	Esjuberg/Varmhólar (spilda 6)	Esjuberg	einka	Malar-náma	Í notkun	A: 23 ha	Opið svæði, Græni trefill	Í vinnslu (leyfi útrunnið)
E3	Esjuberg/Varmhólar (spilda 5)	Esjuberg	einka	Malar-náma	Í notkun	A: 9 ha	Opið svæði, Græni trefill	Í vinnslu
	Geitháls		Rvík		Frágengin			Nei
	Geldinganes		Rvík	Grjót-náma	Ófrágengin			Nei
	Glórumelur	Viðines	Rvík		Ófrágengin			Nei
	Grafará	Norður-Gröf	Rvík		Ófrágengin			Nei
	Reynisvatnsheiði		Rvík		Ófrágengin?			Nei
	Hrafnhólar	Hrafnhólar	einka		Ófrágengin			Nei
	Korpúlfsstaðir		Rvík		Frágengin			Nei
	Leirvogsá - Leirvogstungu-eyrar		einka		Ófrágengin			Nei
	Melagerði	Saurbaer	einka		Ófrágengin			Nei
	Melar	Hjarðarnes	einka		Ófrágengin			Nei
	Móalandsnáma	Sættún	einka		Hálf-frágengin			Nei
	Norðurgrof	Norður-Gröf	Rvík		Ófrágengin			Nei
E1	Norðurkot	Norðurkot	einka		Í notkun	A/B: 4 ha	Landbúnaðar-svæði	Í vinnslu
	Rauðhólar		Rvík		Frágengin			Nei
	Selás		Rvík		Frágengin			Nei
	Stardalur		einka		Frágengin, vottuð			Nei
	Útkot	Hjarðarnes	einka		Ófrágengin			Nei
	Vallá	Vallá	einka		Frágengin			Nei
E4	Varmadalsnáma	Varmadalur	einka		Ófrágengin	A: 10 ha	Landbúnaðar-svæði	Nei
	Ytri-Tindstaðanáma	Ytri-Tindstaðir	einka		Ófrágengin			Nei
E7	Hólmsheiði		Rvík	Efnis-losun	Í notkun		Opið svæði, Græni trefill	Leyfi til 2020
E5	Álfsnes, iðnaðarhöfn		Rvík	Grjót/malar	Ný náma	A: 20 ha	Iðnaðarsvæði	Nei
E6	Tíðaskarðshóll	Hjarðarnes	Spölur	Malar-náma	Í notkun/ófrágengin	B: 2,5 ha	Landbúnaðar-svæði	
A. Matsskyld náma eða mögulega matsskyld; Efnistökusvæði yfir 50.000 m² eða 150.000 m³								
B. Tilkynningaskyld náma eða mögulega tilkynningaskyld; Fyrirhugað efnisnám yfir 25.000 m² eða 50.000 m³ sem ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar								
C. Minni námur, ekki háðar lögum nr. 106/2000								



framtíðarbyggðar, skal sækja um framkvæmda- og starfsleyfi fyrir efnistöku á svæðinu, ásamt umhverfismati sbr. lög nr. 106/2000.

Varmadalur (E5). Eldra efnistökusvæði sem tekur til um 100.000 m² svæðis. Efnistökusvæðið er á sléttlendi og áhrif efnistöku ekki veruleg á ásýnd. Frekari efnistaka skal að mestu miðast við það svæði sem nú þegar er raskað. Í umsókn um framkvæmdaleyfi verður metið hvort efnistaka falli undir tilkynningaskyldu sbr. lög nr. 106/2000.

Tíðaskarðshóll (E6). Lítil náma og athafnasvæði á vegum Spalar sem tekur nú til um 25 þúsund m² svæði. Náman er á sléttlendi og áhrif á ásýnd óveruleg. Frekari efnistaka skal miðast að mestu við það svæði sem nú þegar er raskað. Í umsókn um framkvæmdaleyfi verður metið hvort efnistaka falli undir tilkynningaskyldu sbr. lög nr. 106/2000.

Minniháttar tímabundin efnistaka getur verið heimil á svæðum sem til stendur að raska vegna byggðapróunar samkvæmt aðalskipulaginu og efnistaka til eigin nota er heimil á landbúnaðarsvæðum. Forðast skal eftir megni röskun á ósnortnum hlíðum, ásum og áberandi landslagsmyndum og öðrum náttúruminum.

Efnistaka er ekki heimil innan Græna trefilsins, opnum svæðum (OP), strandsvæðum (ST), óbyggðum svæðum (ÓB) og í vötnum, ám og sjó (V). Þó er heimilt að taka áfram efni í námum við Varmhóla (E3), sem eru innan Græna trefilsins, en í deiliskipulag svæðisins, um frágang að efnistöku lokinni, verði landmótun og ræktun í samræmi við markmið um þróun Græna trefilsins. Ennfremur er gert ráð fyrir takmarkaðri efnislosun ómengaðra jarðefna innan Græna trefilsins í Hólmsheiði (sjá kafla um efnislosun).

Í umsókn um framkvæmdaleyfi, um efnistöku skal eftirfarandi að koma fram:

Fylgja í hvívetna ákvæðum reglugerðar nr. 772/2012, sbr. 6 og 7.gr, um gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar

Gera skal ítarlega grein fyrir umfangi fyrirhugaðrar efnistöku, bæði hvað varðar flatarmál og rúmmál, áfangaskiptingu og tímallengd vinnslu.

Setja skal fram heildaráætlun um frágang svæðisins, áfangaskiptingu við landmótun og uppgræðslu. Ef krafist er deiliskipulags fyrir efnistökuastaðinn er ekki þörf á að setja slíka áætlun fram í framkvæmdaleyfisumsókn.

Gera skal grein fyrir umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar efnistöku, hvort sem efnistakan heyrir undir lög nr. 106/2000 eður ei. Sérstaklega skal gera grein fyrir náttúruminum sbr. viðkomandi ákvæði náttúruverndarlaga, fornleifum og menningarminjum sbr. ákvæði laga um menningarminjar og taka tillit til ákvæða lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006, þar sem það á við.

Reykjavíkurborg getur krafist þess að námuréttarhafi leggi fram tryggingu sem talin er fullnægjandi fyrir áætluðum kostnaði við eftirlit og frágang efnistökuastaða. Efnistökusvæði skal ekki standa ófrágengið og ónotað lengur en í 3 ár, en mögulegt er þó að veita undanþágu frá því ákvæði ef sérstakar ástæður eru fyrir tímabundinni stöðvun efnistökkunnar.

Við framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar verði eingöngu keypt jarðefni úr viðurkenndum námum með tilskilin leyfi

Samgöngur – stofnbrautir
Vesturlandsvegur: Endurbættur með það að markmiði að auka umferðaröryggi og greiða umferð. Samkvæmt samgönguáætlun er gert ráð fyrir framkvæmdum á tímabili áætlunarinnar (2019-2022). Útfærsla liggur ekki fyrir en vinna við frumhönnun var hafin á árunum 2007 til 2008, en hefur að mestu legið niðri síðan þá. Gert er ráð fyrir mislægum gatnamótum á þremur stöðum við Vesturlandsveginn á Kjalarnesi

Sundabraut: Gert ráð fyrir Sundabraut í sambærilegri legu og í aðalskipulaginu 2001-2024.

Veitur og vatnsvernd
Vatnsból og verndarsvæði: Skilgreint er vatnsból og vatnsverndarsvæði um það í landi Vallá. Vatnsbólíð er vara vatnsból fyrir Grundahverfi (sjá nánar í kafla um *Veitur*)

Háspennulína: Línuleið núverandi Brennimelslínu 1, 220 er ekki sýnd á þemakorti í AR2001-2024. Línuleiðin er nú skilgreind í aðalskipulaginu og jafnframt er gert ráð fyrir að heimilt verði að endurbyggja hana með stækkunarmöguleikum í 400 kV (sjá nánar kafla um *Veitur*)


Opin svæði, stígar og græni trefillinn
Umhverfi Kjalarness er kjörið til útivistar með fjölbreytilegu landslagi og ósnortnum

strandsvæðum þar sem skiptast á vogar og víkur með Esjuna í bakgrunn. Austar taka við Móskarðshnúkar og skíðasvæðið í Skálafelli og á undirlendinu liðast Leirvogsa og Kollafjarðará til sjávar. Tröllafoss í Leirvogsa er á náttúruminjaskrá. Mikil skógrækt hefur átt sér stað í hlíðum Esju við Mógilsá og eru þar fjölbreyttar gönguleiðir um svæðið og upp á hábungu Esju. Innan fyrirhugaðrar byggðar austan Vesturlandsvegar er gert ráð fyrir kirkjugarði og austan byggðarinnar komi hesthúsabyggð, golfvöllur. Einnig er gert ráð fyrir nýjum golfvelli á Kjalarnesinu sjálfu.

Græni trefillinn myndar umgjörð um borgina og skilgreinir mörk útmerkur og þéttbýlis. Græni trefillinn er samfelld skógræktar og útivistarsvæði þar sem lögð er áhersla á að svæðið samanstandi af fjölbreyttu náttúrufari þar sem fléttast saman skógrækt og ósnortin náttúruleg svæði. Skógrækt innan Græna trefilsins er ákvörðuð á grunni náttúrufarsúttekta og heildarskipulags viðkomandi svæða. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan Græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum er tengjast almennri frístundaiðju og útivistarnotkun ásamt gatnatengingum. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun sumarhúsa innan Græna trefilsins en viðhalda má og endurnýja núverandi sumarhús á svæðinu. Með því er átt við að lagfæra má hús eða endurbyggja ný af sambærilegri stærð og eldri hús.


Heimilt er að reisa byggingar og mannvirki sem tengjast skipulagðri útivistar- og frístundaiðju innan græna trefilsins. Það er skýrt skilyrði að ekki verði tekið land undir slíka starfsemi umfram það sem nauðsyn ber til og að ekki verði reistar byggingar og mannvirki sem spilla umhverfinu. Enn fremur er heimilt að losa tímabundið ómengaðan jarðveg innan græna trefilsins. Leitast skal við losa jarðveg á svæðum þar sem uppgræðslu er þörf og að losun valdi ekki spjöllum á svæðum með verndargildi. Landmótun og frágangur slíkra staða skal taka mið af markmiðum um nýtingu svæðisins sem útivistar- og skógræktarsvæði. Einnig er heimilt að reisa byggingar og mannvirki sem tengjast skógrækt og öðrum ræktunarframkvæmdum.

Innan Græna trefilsins hefur verið unnið gríðarlega mikið gróðursetningarstarf sem í dag er að skila sé í skjólgóðum og fjölbreyttu skógar-, náttúru- og útivistarsvæði. Skógrækt er að mestu lokið í Heiðmörk og á Austurheiðum en áfram er unnið að uppbyggingu almenns skógræktar- og útivistarsvæði sem nær frá Blikdal á Kjalarnesi meðfram Esjurótum inn að Stardal.



Yfirlit: Helstu umhverfisáhrif.	
Umhverfisþáttur	Áhrif
1. Náttúrufar	
1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir	Ekki liggur fyrir skráning jarðmyndana fyrir allt svæðið. Skráning arf að fara fram á undirbúningsstigi uppbyggingar.
1.2 Vatnafar	Mögulega breytingar á vatnsstraumum í Kollafirði og Leirvogi vegna þverunar.
1.3 Lífríki (gróður og dýr)	Þverun vogar með fyllingum og brúm getur haft áhrif á strauma og sethreyfingar. Þar með kann það að hafa óbein áhrif á lífríki sjávar og strandlengju. Rask verður á náttúrufari vegna uppbyggingar á Álfsnesi, Grundahverfi og Esjumelum. Í matskýrslu Sundabrautar er fjallað ítarlega um umhverfisáhrif af völdum hennar. Þar er einnig lagðar til mótvægisáðgerðir til að draga úr helstu neikvæðu áhrifum.
1.4 Sjór og strandlengja	Talsvert rask verður á náttúrulegri strönd/fjöru vegna hafnagerðar á Álfsnesi. Einnig verður rask vegna Sundabrautar, þar sem vogar verða þveraðir.
2. Loftgæði	
2.1 Loftgæði	Iðnaður við nýja iðnaðarhöfn og umferð um Sundabraut í Álfsnesi geta haft staðbundin áhrif á loftgæði. Nýtt aðalskipulag gerir ekki ráð fyrir íbúabyggð nágrenni iðnaðarsvæðisins og því eru áhrifin talin óveruleg.
2.2 Losun gróðurhúsa-lofttegunda (GHL)	Flutningur iðnaðarsvæða í jaðar byggðar gerir mögulegt að þetta byggð í Reykjavík á gömlum iðnaðarsvæðum. Þétting byggðar telst m.a. til aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Því eru óbein jákvæð áhrif af iðnaðarsvæði í Álfsnesi ef gert er ráð fyrir sambærilegri losun frá iðnaði og nú er.
3. Samfélag	
3.1 Samgöngur	Sundbraut um Álfsnes mun auka verulega greiðfærni fyrir umferð til og frá borginni. Ef byggð verður í Geldinganesi og Álfsnesi er mikilvægt að hanna veltengingar m.t.t. allra ferðamáta.
3.2 Heilsa, (hljóðvist, loftgæði og hreyfing vegna ferðamáta)	Starfsemi á iðnaðar- og hafnarsvæðum og umferð um Sundabraut mun líklega hafa neikvæð áhrif á hljóðvist í nágrenninu. Ekki er ætluð byggð í nálægð við iðnaðarstarfsemi í Álfsnesi. Starfsemi á iðnaðarsvæðum kann að hafa áhrif á lykt. Starfsleyfum þurfa að fylgja kröfur um viðeigandi búnað. Nýjar förgunaraðgerðir úrgangs er m.a. ætlað að draga úr lykt. Almennir er talið jákvætt að flytja grófa starfsemi og iðnað úr þéttbýli.
3.3 Menningarmínjar	Óveruleg áhrif vegna iðnaðar- og hafnarsvæðis á Álfsnesi. Hætta er á raski á fornminjum við Þerneyjarsund vegna gerð Sundabrautar.
3.4 Öryggi	Á ekki við.
4. Auðlindir	
4.1 Landrými	Landrými verður tekið undir nýja uppbyggingu á Álfsnesi, við Esjumela og í Grundarhverfi og nágrenni. Ekki er um svæði að ræða sem hafa verndargildi.
4.2 Verndarsvæði	Gunnunes við Þerneyjarsund er verndarsvæði. Verður ekki fyrir áhrifum.
4.3 Útivistarsvæði	Útivistarsvæði á Álfsnesi vikja fyrir atvinnustarfsemi. Álfsnesið hefur lítið útivistargildi vegna núverandi starfsemi.
4.4 Orkunotkun	Orkunotkun er háð eðli starfseminnar á iðnaðarsvæðum. Gert er ráð fyrir gasgerðarstöð í tengslum við förgun lífræns úrgangs á athafnasvæði Sorpu.
4.5 Vatnsnotkun/ vatnsbúskapur	Á ekki við.
4.6 Jarðefnanotkun	Þverun voga kallar á notkun jarðefna. Mögulegt er að nýta efni sem fellur til við undirbúning iðnaðarlóða. Aðalskipulag Reykjavíkur afmarka ekki sérstök efnistökusvæði. Almennir er heimiluð efnistaka á landbúnaðarsvæðum og framtíðar byggingarsvæðum.
4.7 Landslag/ámynd	Miklar áýndarbreytingar vegna samgöngumannvirkja, iðnaðarhafnar og iðnaðarsvæðis.
4.8 Sorp og fráveita	Áætlanir gera ráð fyrir framtíðarsvæði fyrir meðhöndlun úrgangs, sem felur í sér . Vegna vaxandi byggðar á Kjalarnesi þarf líklega að gera ráð fyrir hreinsistöð fráveitu.

	Jákvæð áhrif
	Óveruleg neikvæð áhrif
	Möguleg neikvæð áhrif
	Engin áhrif / á ekki við



Íþ6. Kjalarnes: Athafnasvæði hestamanna í Kjalarnesi á að þjóna hestamönnum á svæðinu sem hafa óskað eftir afmörkun á svæði í tengslum við eldri aðstöðu hestamanna á Kjalarnesi. Svæðið er 20 ha að stærð og er áætlað að um 4-10 hesthús risi á svæðinu. Gamall skeiðvöllur rötum í Esjuhlíða verður hluti af svæðinu. Ekki liggur fyrir deiliskipulag að svæðinu. Unnið verður deiliskipulag af svæðinu fyrir árið 2020.

Umhverfisáhrif

Náttúrufar

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir talsverðri uppbyggingu á Álfsnesi og Kjalarnesi. Stefnt er að framkvæmdum á Álfsnesi (iðnaðarhöfn, iðnaðarsvæði og svæði til meðhöndlunar úrgangs), í Grundarhverfi (íbúðahverfi) og við Esjumela (athafnarsvæði). Stefnt er að gerð umfangsmikla samgöngumannvirkja vegna Sundabrautar og endurbóta á Vesturlandsvegi. Þessi áform munu hafa bein áhrif á náttúrufar í för með sér.

Eftirfylgni

Um helstu áhrif og mögulegar mótvægisáðgerðir er fjallað í mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmda.

Iðnaðarhöfn

Almennt er talið jákvætt að færa iðnað og grófa starfsemi úr byggð. Á fyrrum iðnaðar/athafnarsvæðum skapast þar með möguleiki til að þetta byggð. Atvinnustarfsemi sem flyst hefur neikvæð áhrif á umhverfi og aðliggjandi byggð

þar sem hún er í dag.

Blönduð byggð í Álfsnesi og Esjumelum

Nýtt aðalskipulag gerir ráð fyrir að draga úr áformum um blandaða byggð í Álfsnesi a.m.k. til 2030. Ekki er stefnt að byggð í nálægð við fyrirhugað iðnaðarsvæði og iðnaðarhöfn.

Samgöngur

Bygging Sundabrautar er umfangsmikil framkvæmd með margvislegum mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum bæði á samfélag og náttúrufar. Þverun Leirvogs og Kollafjarða með miklum fyllingum breytir vatnsstraumar og setmyndun í vogunum. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur farið fram en var ekki lokið þegar umhverfismat aðalskipulags fór fram. Þar er fjallað ítarlega um helstu umhverfisáhrif.

Eftirfylgni

Í matsvinnunni var bent á mikilvægi þess að einnig verði gert ráð fyrir að hjólandi og gangandi geti nýtt sér nýjar veltengingar.

Úrgangur

Gert er ráð fyrir áframhaldandi förgun og meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi, m.a. til að anna þörf fyrir vinnslu lífræns úrgangs skv. lögum. Með því verður verulega dregið úr lyktarmengun vegna sorpförgunar.

Eftirfylgni

Huga þarf að loftmengun og meta hvort þörf sé á kerfisbundnum mælingum umhverfis förgunarsvæðis.

